

Erindi til Fræðlu- og frístundanefndar Árborgar

Efni: Lokun kennslurýma í Sunnulækjarskóla

Kennslurými í Sunnulækjarskóla eru opin og samliggjandi á nokkra vegu. Opinn gangur liggur á milli kennslurýma eftir endilöngu rými þar sem kennslustofur eru beggja vegna gangsins.

Samliggjandi kennslurými eru svo opin þannig að stofur renna saman þar sem tvöföld vask- og skápaeining er sameiginleg fyrir tvö svæði.

Síðustu tvö ár höfum við gert tilraunir með lokanir á milli kennslurýma með skörun veggja á móti hvor öðrum á ganginum og lokuðum veggjum á milli samliggjandi kennslurýma sem skipta vask- og skápaeiningu í tvennt fyrir bæði rýmin.

Þessi lausn hefur gefið góða raun. Sjónrænt áreiti minnkar og hljóðvist er mun betri. Nemendur njóta meira næðis og kennarar sem hafa kennt í þessum rýmum ná betri bekkjarstjórnun og lýsa meiri yfirvegum og ró meðal nemenda í kennslustundum.

Ókosturinn sem fylgir þessari lausn er helst sá að kennarar geta ekki séð hvað er í gangi í næstu stofu hjá samkennara sínum og stuðningsfulltrúi sem sinnir heilum árgangi hefur ekki yfirsýn yfir á næsta svæði. Þetta mætti leysa með því að hafa efri hluta veggjanna á ganginum úr gleri að hluta til. Teymisvinna og teymiskennsla er samofin öllu okkar skólastarfi og við sjáum ekki að þessi breyting sé að koma niður á því starfi þar sem veggir hafa verið settir upp.

Þessi lausn er ódýr þar sem ekki er verið að setja upp flettiveggi og hurðir eru óþarfar þar sem skörun veggja er nógu mikil til að valda ekki ónæði á milli svæða.

Opin svæði hafa fylgt okkur í Sunnulækjarskóla frá opnun skólan árið 2004 en fjöldi nemenda á hverju svæði hefur alla tíð verið mun meiri en hugmyndafræði opinna rýma tekur mið af. Fyrir vikið hafa starfsmenn verið að stúka svæðin af með skápum og skilrúmum til að skapa næði með misjöfnum árangri.

Það er eindregin ósk okkar að þessi lausn verði kostnaðargreind fyrir öll okkar kennslurými og í framhaldi gerð framkvæmdaáætlun með að það að leiðarljósi að loka rýmum með þessum hætti.

Meðfylgjandi eru grunnmyndir af efri og neðri hæð kennslurýmanna þar sem búið er að merkja inn með bláu þá vegg sem settir hafa verið upp og með rauðu þá vegg sem óskað er eftir að verði settir upp. Einnig eru myndir sem sýna kennslusvæðin fyrir og eftir lokun.

Hermann Örn Kristjánsson
Skólastjóri Sunnulækjarskóla



02.12.2025





